

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til æflingar búnaði.* — Samkvæmt itarlegri tillögum amtsráðsins og 2 brjefum yðar, herra amtmáður, frá 20. f. m. og í framhaldi brjefs míns 17. júní þ. á. samþykkið hér með, að vefari Gunnar Ólafsson á Ási í Skagafjarðarsýslu fái 250 kr. styrk af fje því, sem ætlað er til æflingar búnaði, til að kaupa útlend tóskaparverkfæri, að Magnús Þórarinnsson frá Halldórsstöðum í Laxárdal fái auk þess styrks, sem honum hefir verið lagður úr sýslusjóði Þingeyjarsýslu 250 kr. styrk úr landssjóði til að ferðast til útlanda og læra þar vjelasmíði, sjer í lagi smíði á tóvinnuáhöldum og að 200 kr. verði varið til launa handa 2 búfræðingum í Húnavatnssýslu með því skilyrði, að lögð verði þessum búfræðingum að minnsta kosti jafnmikil laun úr sýslusjóði.

Jarðabókarsjóðsávísun á þessar 700 kr. fylgir til þóknarlegrar ráðstafanar, og get jeg þess, að jeg hef ekkert á móti því, að búnaðarfjelagi Svinavatnshrepps verði lagður minnst 100 kr. styrkur af fje því, sem jeg hef falið amtsráðinu að útbluta til búnaðarfjelaga umdæmisins.

Auglýsing.

Með því að nú hefir fengist áreiðanleg vissa fyrir því, að bólusóttin sje hætt að ganga í Kristíaníu og annarsstaðar í konungsríkinu Noregi, eru hjer með ráðstafanir þær, sem gjörðar voru með auglýsingu minni frá 23. júlí þ. á. (stjórnartíðindi B. 111) úr gildi numdar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 11. dag októbermánaðar 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

C.

Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 30. júní til 2. júlí 1880.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum, Dr. phil Grími Thomsen, og prófasti sira Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram: a. Reikning yfir búnaðarskólalagjaldið í suðuramtinu fyrir árið 1879, b. Reikning fyrir styrktarsjóð konungslandsseta í suðuramtinu fyrir sama ár. Reikningar þessir voru yfirskoðaðir og fannst ekkert við þá að athuga.
2. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1879, og höfðu eptirrit af honum verið áður send hinum amtsráðsmönnum. Reikningur þessi var endurskoðaður og við hann gjörðar nokkrar athugasemdir:
 - a. Að fylgja skyldi framvegis, hver sem hin forna venja hafi verið, þeirri reglu, sem sett er í dómsmálastjórnarbrjefi 1. nóv. 1861, að greiða hjeraðslæknum að eins borgun fyrir bólusetningu, þegar yfirvöldin hafa falið þeim á hendur að setja bólu.
 - b. Að framvegis ætti, eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, að falla burtu borgun sú, sem greidd hefir verið úr jafnaðarsjóði til hjeraðslæknisins í 2. læknishjeraði fyrir að vitja hinna holdsveiku á Suðurnesjum.

- 143 c. Var ákveðið, að forseti skyldi reyna að fá breytt þeirri bráðabirgðaákvörðun, sem sett er í dómsmálastjórnarbrjefi 11. desbr. 1856 um, að greiða skuli gjald úr jafnaðarsjóði fyrir læknislyf handa hinum holdsveiku á Suðurnesjum.
- d. Þar eð ráðinu virtist æskilegt, að einhver endir yrði gjörður á málinu um eptirstöðvar af kostnaði þeim í tilefni af fjárkláðanum, er fyrirfram hafði verið greiddur úr jafnaðarsjóði, var forseta falið á hendur að skrifast á um málefni þetta við landshöfðingjann, til þess að ráðið gæti síðan tekið fullnaðarákvörðun um, hvað tiltækilegast sje í þessu efni.
3. Sýslunefndinni í Árnessýslu var veitt leyfi til að taka 1000 króna lán, er ætti að endurborgast úr sýslusjóði á tveim árum, til að kaupa húsnæði í skólahúsinu á Eyrarbakka fyrir kennslustofu handa 20 lærisveinum, er skyldu njóta tilsagnar í gagnfræðum. Amtsráðið fann ekki ástæðu til að taka til greina beiðni, sem komið hafði frá hreppsnefndinni í Ölveshreppi um, að amtsráðið ekki veitti samþykki til þessarar lántöku.
4. Viðvíkjandi beiðni um 100 kr. styrk handa alþýðuskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð, var það álit ráðsins, að skóli þessi enn ekki væri komin í það horf, að hann gæti talizt menntunarstofnun fyrir íbúa suðuramtsins yfir höfuð, og ráðið sá sjer því ekki fært að veita að svo komnu hinn umbeðna styrk.
5. Amtsráðið fjellst á þann leigumála á hinni fyrverandi spítalajörð Hörgslandi, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd og sýslumaður höfðu stungið upp á. (Framh. síðar).

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 19. dag ágústmánaðar þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa prófast sira *Daníel Halldórsson* ridd. af dann. til frá fardögum 1881 að vera prest Hólma safnaðar í Suðurmála prófastsdæmi með kjörum þeim, er ákveðin eru í lögum 27. febr. þ. á. um skipun prestakalla (A. 3).

S. d. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa sira *Matthías Joehumsson* til frá fardögum 1881 að vera prest Odda, Stórolfshvols og Keldna safnaða í Rangárvalla prófastsdæmi með kjörum þeim, er ákveðin eru í lögum 27. febr. þ. á. um skipun prestakalla (A. 3).

Hinn 28. dag júlímánaðar veitti landshöfðingi prestinum að Stóranúpi í Árness prófastsdæmi sira *Jóni Eiríkssyni* lausn frá prestsembætti frá 1. septbr. þ. á. með eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febr. þ. á. um eptirlaun presta (A. 4).

Hinn 13. september setti landshöfðingi fyrverandi sýslumann *Þorstein Jónsson* til að vera málaflutningsmann við hinn konunglega íslenska landsyfirdóm frá 1. oktbr. þ. á., þannig, að hann missi jafnmikils af eptirlaunum sínum, og þóknun þeirri nemur, er sýslun þessari er ætluð með 9. gr. B. 4. fjárlaganna, og var s. d. löggilding landshöfðingja frá 5. oktbr. 1878 handa *Jóni ritara Jónssyni* sem settum málaflutningsmanni úr gildi numin.

HEIÐURSMERKI OG HEIÐURSGJAFIR.

Hinn 30. ágúst þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að söma sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu *Eggert Ó. Briem* riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

S. d. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að söma hreppstjóra *Þorleif Kolbeinsson* á Stóru-Háeyri í Árnessýslu heiðursmerki dannebrogsmanna.

S. d. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að söma hreppstjóra *Hjálmar Hermannsson* á Brekku í Suðurmúlasýslu heiðursmerki dannebrogsmanna.

Hinn 30. september voru af vöxtum Christians konungs hins nífunda í minningu þúsundára-hátíðarinnar samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda veittar þessar heiðursgjafir fyrir framúrskarandi jarðabætur:

1. Erlendi Pálmasyni á Tungunesi í Húnavatnssýslu 160 kr.
2. Jóni Bjarnarsyni á Austvaðsholti í Rangárvallasýslu 160 —